



KALKA
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja

Alþingi
Erindi nr. P 139/117/
komudagur 25.1.2011

Löðvöllum 12 • 230 Reykjaneshæð • Kt. 531278-0469
Sími 420 3288 • Fax 421 3766 • Veffang www.sss.is/ss • Netfang sss@sss.is

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjaneshæð 18. janúar 2011

Efni: Umsögn um frumvarp um meðhöndlun úrgangs, 186. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. nóvember 2010, þar sem óskað er eftir umsögn Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. um ofangreint frumvarp.

Vöntun á kostnaðarmati vegna fjárhagslega áhrifa á sveitarfélögin vegna lagabreytinga.
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja vill vekja athygli umhverfisnefndar alþingis á því að með frumvarpinu fylgir ekki kostnaðarmat af hálfu Umhverfissráðuneytisins á þeim breytingum sem frumvarpið kemur til með að hafa á kostnað sveitarfélagana. Því er eindregið óskað eftir því að nefndin kalli eftir slíku mati við vinnu frumvarpsins.

Athugasemdir vegna 3. greinar frumvarps.

Óljóst er hvernig túlka eigi "náin landfræðileg tengsl". Hvernig eru þau skilgreind? Lagt er til að þetta verði fellt úr frumvarpi þar sem þetta mun valda túlkunarvanda.

Athugasemdir vegna 4. greinar frumvarps

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja leggur áherslu á að heilbrigðisnefnd eða viðkomandi sveitarfélög geti óskað eftir upplýsingum frá rekstraraðilum varðandi það úrgangsmagn sem til fellur hjá þeim til meðhöndlunar. Við gerð svæðisáætlana sveitarfélaga hefur reynst ókleift að fá rekstraraðila á starfsvæðum sveitarfélaga til að gefa upp magntölur vegna vinnu við svæðisáætlun. Það er því mikil þörf á því að Umhverfisstofnun gefi út samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir förgunarstaði, móttökustöðvar og sömunarstöðvar þar sem kveðið er á um að magnbundin upplýsingagjöf allra rekstraraðila verði lögbundin, en ekki bara sveitarfélaga/sorpsamlaga eins og staðan er í dag. Einnig þarf að gera ráð fyrir þvingunarúrræðum ef þessu er ekki sinnt.

Andmæli gegn 6 gr. frumvarps og bráðabirgðaákvæðis I og III.

Árið 1989 voru sett sérstök lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Á grunni laganna var Endurvinnslan hf. stofnuð til að ná markmiðum þeirra. Á heildina litið hefur er árangurs þess kerfis góður og er það vilji Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. að því verði haldið sem næst í óbreyttri mynd. Fyrirkomulagið er þekkt á meðal almennings og ágætt sátt hefur verið um starfsemina. Núverandi kerfi er þó ekki hafið yfir gagnrýni og má þar nefna dæmi um umbúðir sem eru undanskildar skilgjaldi án þess að fyrir því séu fullnægjandi rök. Með frumvarpinu er hins vegar stefnt að því að lög nr. 52/1989 falli úr gildi og að framleiðendum verði frjálst að stofna ný skilakerfi, eitt eða fleiri. Einkaleyfi Endurvinnslunnar verður þar með aflagt.

Fyrirhugað er að setja upp samskonar fyrirkomulag og var sett upp fyrir raftæki og rafeindatæki. Það fyrirkomulag hefur sýnt sig að vera þungt í vöfum og óskilvirkt. Að áliti Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja þá væri betra að fela Úrvinnslusjóði umsýslu með

drykkjarvöruumbúðum en að feta sömu spor og gert var með raftæki og rafeindatæki. Það hentar einfaldlega ekki að vera með tvö, jafnvel fleiri skilakerfi, í jafnstrjálbýlu landi og á Íslandi, því víða eru einfaldlega engar forsendur fyrir mönnum söfnunarstöðvum fyrir flokkaðan úrgang.

Þá andmælir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja því harðlega að skv. 6. grein virðist ekki vera gert ráð fyrir því að skilakerfi þurfi að greiða fyrir pláss/aðstöðu á söfnunarstað sveitarfélaga. Það er með öllu óásættanlegt.

Einnig er bent á að sveitarfélög/sorpsamlög hanna söfnarstöðvar miðaðar við ákveðnar forsendur á þeim tímum þegar þær eru byggðar. Það er því óásættanlegt að sveitarfélög/sorpsamlög þurfi að gera ráð fyrir endalausum kvöðum af hálfu löggjafans við að útvega aðstöðu fyrir hin og þessi skilakerfi á núverandi söfnunarstöðvum. Hvað þurfa slíkar stöðvar að vera stórar? Hver ber kostnað af breytingum vegna stækkunar söfnunarstöðva vegna íþyngjandi ákvæða um skilakerfi, nema sveitarfélögin. Af hverju þurfa þau að ráðast í þennan kostnað ef þau bera ekki ábyrgð á skilakerfinu?

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. vill leggja sérstaka áherslu á mikilvægi núverandi skilakerfis á atvinnumál fatlaðra og þroskahefta á Suðurnesjum. Þar hefur Dósasel, sem er verndaður vinnustaður á vegum Þroskahjálpar á Suðurnesjum, verið með samning við Endurvinnsluna hf. um móttöku og flokkun skilaskyldra drykkjarvöruumbúða. Það samstarf hefur stuðlað að því að veita fötluðu fólki atvinnu, sem væri annars ekki til staðar. Þessi starfsemi gæti verið sett í mikið uppnám ef frumvarpið verður að lögum enda er engin trygging fyrir því að nýju skilakerfin muni viðhalda slíkum samningum.

Andmæli gegn 11-19. grein frumvarps um skilakerfi fyrir raftækjaúrgang.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja vill benda á að mun hagkvæmara væri að fela Úrvinnslusjóði alla ábyrgð á meðhöndlun raftækjaúrgangs heldur en að starfrækja hér á landi sérstök skilakerfi. Enn vantar á að öllu landinu sé þjónað af núverandi kerfum og bendir einfremur á að gjaldskrá fyrir aðstöðu á söfnunarstöðvum sveitarfélaganna er alltof lág og svarar alls ekki raunkostnaði

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja vill benda á að skv. 16. grein frumvarpsins er að finna gjaldtökuheimild fyrir Umhverfisstofnun og Úrvinnslusjóð þar sem gert er ráð fyrir innheimtu raunkostnaði vegna þjónustu sem þessir aðilar veita. Verði frumvarpið að lögum gerir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja þá kröfu um að sama gjaldtökuheimild verði tekin upp fyrir sveitarfélögin sem eiga veita skilakerfum aðstöðu skv. lögnum.

Andmæli gegn 25. grein frumvarps um skipan stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja mótmælir því að fulltrúum atvinnulífsins í stjórn Úrvinnslusjóðs verði fjölgað úr þremur í fjóra skv. 25. grein. Sveitarfélögin bera lögbundna ábyrgð á úrgangsmálum skv. lögum og bera stærsta kostnað vegna reksturs lausna á sviði úrgangsmála. Eðlilegt er því að sveitarfélögin hafi tvo fulltrúa í stjórn á kostnað fulltrúa fulltrúa Samtaka fiskvinnslufulltrúa og LÍU í stjórninni, þar sem þau hafa samið sig undan gildissvæði laganna með sérstökum samningi við Úrvinnslusjóð. Til vara leggur Sorpeyðingarstöð Suðurnesja til að Neytendasamtökin tilnefni einn fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs og að fallið verði frá hugmyndum um fjölgun fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Virðingarfyllst

Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf.



Aron Jóhannsson
Umhverfisstjóri